

ÁRSSKÝRSLA 2024



Skatturinn - Ársskýrsla 2024

Umsjón: Sigurður Einar Árnason.

Hönnun og umbrot: Logi Halldórsson.


Prófarkarlestur: Sigurður Einar Árnason,

Rannveig Lind Bjargardóttir, Karl Óskar Magnússon.

Ábyrgðarmaður: Snorri Olsen.

Efnisyfirlit

Aðfaraorð ríkisskattstjóra	5
Þjónusta og upplýsingar	6
Tæknimál	8
Stafrænar umbætur	11
Eftirlit og rannsóknir	12
Álagning opinberra gjalda.....	16
Innheimta opinberra gjalda	22
Fyrirtækja- og ársreikningaskrár	25
Alþjóðlegt samstarf	32
Tollgæsla	34
Mannauður	38
Rekstur	42
Ársreikningur 2024	43



Aðfaraorð ríkisskattstjóra



Segja má að starfsemi Skattsins á árinu 2024 hafi einkennst af ráðstöfunum sem lutu að frekari stafræðingu í framkvæmd verkefna okkar. Stafræn umbreyting í opinberum rekstri er þó ekki markmið út af fyrir sig heldur besta og öruggasta leiðin til þess að stofnanir geti uppfyllt lögbundnar skyldur sínar gagnvart íslensku samfélagi á umbrotatímum. Hjá Skattinum höfum við að leiðarljósi á stafrænni vegferð þrífætt markmið; að auka enn frekar árangur stofnunarinnar, að nýta rekstrarfjármuni með sem hagkvæmustum hætti, og að búa í hagin fyrir áskoranir framtíðar.

Ákveðið var að setja á fót nýja einingu með það hlutverk að styðja við og hraða stafrænum umbótum í starfseminni. Í brennidepli hjá hinni nýju

einingu voru hagnýting aðferða gagnavísinda, svo og þróun og innleiðing stafrænna þjónustulausna. Ljóst er að mikil tækifæri felast í nýtingu gervigreindar við úrlausn krefjandi verkefna hjá íslenskum stjórnvöldum. Skatturinn leggur áherslu á að hagnýting hinnar nýju tækni sé með bæði framsæknum og ábyrgum hætti þar sem gætt er að reglum um persónuvernd - í því felist besta fjárfestingin fyrir alla.

Á árinu 2024 urðu þau tímamót að aldarfjórðungur var liðinn frá því að netframtal einstaklinga leit fyrst dagsins ljós. Segja má að með þeirri þjónustulausn hafi orðið ákveðin straumhvörf í skattframkvæmd á Íslandi. Við fyrstu netframtalsskilin árið 1999 stóð þessi þjónusta eingöngu til boða launþegum - og ekki öllum þeirra - en við framtalsskil árið 2024 var 85% framtala allra skattskyldra einstaklinga skilað í gegnum þjónustuvef Skattsins.

Áskoranir dagsins í dag eru sannarlega annars eðlis en fyrir 25 árum síðan. Við undirbúning og innleiðingu kílómetragjalds á ökutæki hefur þótt eðlilegt að viðskiptavinir nýti fyrst og fremst snjallforrit í samskiptum sínum við Skattinn. Þá náðist í lok árs 2024 það markmið að öll viðeigandi bréf Skattsins yrðu birt í stafrænu pósthólfi stjórnvalda í samræmi við löggjöf þar um. Við nýtum nú spjallmennni til þess að veita enn betri þjónustu, og miklar vonir eru bundnar við möguleikana sem leiða af þróun spunagreindarlausna. Með gildin fagmennska, framsækni og samvinna í fyrirrúmi er starfsfólk Skattsins vel í stakk búið til þess að sinna hlutverki sínu í síkviku umhverfi, samfélaginu öllu til heilla.

Snorri Olsen, ríkisskattstjóri

Þjónusta og upplýsingar

Þjónustu- og upplýsingasviði er ætlað að veita viðskiptavinum þjónustu á öruggan, aðgengilegan og góðan hátt í samræmi við lög og reglur. Til þess að svo megi verða er innan sviðsins unnið að þróun stafrænna þjónustulausna, fræðslu og miðlun upplýsinga á vefsíðum og samfélagsmiðlum, bæði inn á við og út á við. Breytingar voru gerðar á innra skipulagi sviðsins hinn 1. júní 2024 á þann hátt að fjórir sérfræðingar voru fluttir yfir á álagningarsvið. Jafnframt voru gerðar þær breytingar hinn 1. október 2024 að deild þjónustulausna fluttist formlega yfir á nýtt svið stafrænna umbóta.



Upplýsingagjöf og þjónusta

Þjónustu- og upplýsingasvið tók til starfa á árinu 2022 og voru starfsstöðvar tvær á árinu 2024, á Akureyri og í Reykjavík.

Í samræmi við hlutverk sviðsins var á árinu 2024 unnið að því að fjölga og bæta þjónustulausnir. Ráðist var í margs konar umbætur. Unnið var að gerð fjölmargra leiðbeininga um ýmis atriði í skattframkvæmdinni. Þá voru samfélagsmiðlar nýttir í auknum mæli til að koma ýmsum upplýsingum og fróðleik á framfæri, t.d. í kringum gerð og skil á skattframtölum einstaklinga. Bæði var notkunin meiri á þessari tegund miðla auk þess sem að fleiri bættust við, s.s. Instagram og Twitter.

Mikil aukning varð á notkun spjallmennis við upplýsingagjöf og breyttist hlutfallsleg skipting þjónustu á milli þeirra leiða sem boðið er upp á umtalsvert á árinu.

Hinn 30. apríl 2024 voru samþykkt á Alþingi lög sem breyttu annars vegar fjárhæðum barnabóta og hins vegar um ákvörðun á sérstökum vaxtastuðningi. Hvoru tveggja tók gildi við álagningu á einstaklinga í lok maí 2024. Starfsmenn sviðsins tóku þátt í undirbúningi vegna þessara verkefna og í kjölfarið fylgdi mikil þjónusta, ekki síst vegna ákvörðunar á sérstökum vaxtastuðningi.

Starfsmenn á sviðinu höfðu einnig umsjón með ýmsum þáttum skattframkvæmdarinnar, t.d. útgáfu bindandi álita (fyrri hluta ársins), séreignarsparnaðarúrræðum, bifreiðagjaldi og eftirliti með álagningu erfðafjárskatts. Þá tóku starfsmenn þátt í verkefnum sem tengjast álagningu á einstaklinga, virðisaukaskattsframkvæmd og ýmsum tilfallandi atriðum.

Stafræn þróun

Þjónustu- og upplýsingasvið hefur með höndum stafræn þróunarverkefni í samstarfi við önnur svið embættisins, þ.m.t. greiningu verkefna út frá lögfræðilegum álitaeftum og skráningu verklags ef við á. Það sem sett hefur verið á oddinn er þróun og nýting upplýsingatækni í þjónustu, bæði út á við og inn á við.


Á árinu var enn unnið að því að uppfylla skilyrði sem sett eru í lögum nr. 105/2021, um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Verkefnið er umfangsmikið og marghliða og unnið í víðtæku samstarfi á milli sviða.

Í upphafi ársins 2024 var tekið upp kílómetragjald á rafmagnsbíla, vetnisbíla og tengiltvinnbíla. Starfsmenn sviðsins unnu áfram að því umfangsmikla verkefni. Var bæði unnið áfram að tæknilegum útfærslum í þessu sambandi sem og mikilli þjónustu sem fylgir í kjölfar lögfestingar á þessu nýja gjaldi.


Þjónusta á starfsstöðvum

Þjónusta er veitt á starfsstöðvum Skattsins úti um allt land og í Reykjavík. Bæði eru opnar afgreiðslur en jafnframt sinna starfsmenn þjónustu sem veitt er með öðrum hætti. Hlutfall þeirrar þjónustu sem veitt er til þeirra sem koma í afgreiðslur er minnkandi hlutfall af þjónustu í heild.

Þjónusta við viðskiptavinum



Innhringingar eftir svarhópum



Tæknimál

Hlutverk tæknisviðs er að styðja við og þjónusta önnur svið Skattsins í tengslum við tölvukerfi, gagnagreiningu, hugbúnað og vélbúnað með áherslu á að efla sjálfvirkni í vinnubrögðum og auka rafræna afgreiðslu og þjónustu. Þessum verkefnum sinna gagnavísindadeild, hugbúnaðardeild og vélbúnaðardeild.

Verkefni vélbúnaðardeildar felast einkum í innkaupum, hýsingu, rekstri og viðhaldi á vélbúnaði og upplýsingakerfum í umhverfi Skattsins sem og þjónustu við starfsmenn á því sviði. Meðal annarra verkefna má nefna innleiðingu á nýjum lausnum, rekstur víðnets Skattsins, umsjón með GoPro málakerfi, gagnagrunnum, fjarfundabúnaði, afgreiðslukerfi, símkerfum og ýmsum öðrum kerfum og notendabúnaði, auk þess sem mikil áhersla er lögð á upplýsingaöryggi. Hugbúnaðardeild sinnir verkefnum vegna skatt- og tollframkvæmdar á borð við nýsmíði og rekstur tölvukerfa Skattsins, vélræna skattálagningu einstaklinga og lögaðila, þróun rafrænnar þjónustu og umsjón rafrænnar upplýsingamiðlunar og vefþjónustu, þ.m.t. upplýsingavefja og þjónustusíðu Skattsins. Gagnavísindadeild sinnir greiningarvinnu í samvinnu við helstu kjarnasvið embættisins og vinnur m.a. að ýmsum verkefnum þar sem gervigreind er notuð til að finna frávik í eftirlitstilgangi. Starfsmenn tæknisviðs í árslok voru um 30.

Skipulagsbreytingar

Á árinu voru gerðar skipulagsbreytingar á tæknisviði. Þann 1. júní var gerð sú breyting að þrjár deildir, þ.e. álagningardeild, tollakerfi og hugbúnaðardeild voru sameinaðar í eina deild hugbúnaðar. Jafnframt var gerð sú breyting að gagnavísindaeiningu var breytt í gagnavísindadeild og þá voru verkefni upplýsingaöryggisstjóra færð yfir á skrifstofu ríkisskattstjóra. Þann 1. október var síðan gerð sú breyting að gagnavísindadeildin var færð yfir á nýstofnað stoðsvið stafrænna umbóta.

Upplýsingaöryggi í brennidepli

Á árinu var unnið áfram við að auka upplýsingaöryggi hjá embættinu. Rík áhersla var lögð á áhættumat, greiningu á umfangi og virkni upplýsingatækniumhverfis Skattsins með aukið öryggi, skilvirkni og uppítíma að leiðarljósi. Stærstu og umfangsmestu verkefni fólust í uppfærslum á netlagi, innleiðingu á nýjum kerfum ásamt nánari söfnun og greiningu atburðaskráninga sem eykur vöktun og bætir viðbragð enn frekar. Einnig var unnið að uppfærslu og flutningi Oracle gagnagrunna en ávinningur þeirra breytinga fólst m.a. í skilvirkari og öflugri vörnum gegn netárásum, skilvirkari ferlum við uppfærslur, virkara eftirliti með öryggismálum og auknum sveigjanleika tækniumhverfisins.



Breytingar á skattakerfum vegna lagabreytinga

a) Sérstakur vaxtastuðningur

Á árinu voru gerðar breytingar í þá veru að við álagningu opinberra gjalda 2024 var skattaðilum ákvarðaður sérstakur vaxtastuðningur. Lög um hann voru sett í tengslum við kjarasamninga sem undirritaðir voru í mars 2024. Sérstakur vaxtastuðningur er reiknaður samkvæmt forsendum sem fyrir liggja í skattframtali.

b) Barnabótagreiðslur á fæðingarári barns

Á árinu var unnið að breytingum í barnabótakerfi til að tryggja möguleika á að greiða barnabætur á fæðingarári barnsins en skv. breytingum á skattalögum skal á árinu 2025 greiða í fyrsta sinn barnabætur á fæðingarári barnsins. Fjárhæðin sem greidd er á fæðingarári kemur til lækkunar þeim barnabótum sem greiddar verða í febrúar og maí árið eftir.

Tollakerfi

Á árinu var unnið að breytingum á tollakerfum vegna breytinga á lögum um kílómetragjald en þar er m.a. kveðið á um álagningu og innheimtu á akstursgjaldi og kílómetragjaldi af ökutækjum á erlendum skráningarnúmerum sem flutt eru tímabundið til landsins. Unnið var að forritun sem tengist þessari gjalddöku og var í því samhengi unnið að rafvæðingu eyðublaðs (E9) til að taka við yfirlýsingu vegna tímabundins innflutnings ökutækja á erlendum skráningarnúmerum.

Gjaldfrjáls aðgangur að fyrirtækjaskrárupplýsingum

Í kjölfar breytingar á reglugerð nr. 162/2006 frá 1. júlí 2024 var unnið að því að veita gjaldfrjálsan aðgang að upplýsingum úr fyrirtækjaskrá. Í október var opnaður aðgangur að yfirlitum fyrirtækja á upplýsingavef Skattsins (www.skatturinn.is) og einnig var opnað fyrir aðgang að vefþjónustu í MS Azure skýjaþjónustu sem skilar sömu upplýsingum.

BORIS upplýsingakerfi

BORIS (Beneficial Ownership Registers Interconnection System) er evrópskt samtengikerfi sem tengir saman landskrár um raunverulega eigendur fyrirtækja og annarra lögaðila í EES/ESB-ríkjum.

Markmiðið með kerfinu er að gera tilkynningarskyldum aðilum og stjórnvöldum skv. lögum um raunverulega eigendur kleift að nálgast upplýsingar milli landa á samræmdan og öruggan hátt.

Á árinu var lögð töluverð vinna í að innleiða BORIS kerfið og í lok árs var tengingu Íslands komið á.



Stafrænar umbætur

Nýtt svið stafrænna umbóta tók formlega til starfa 1. október 2024. Við það fluttist deild þjónustulausna af þjónustu- og upplýsingasviði og gagnavísindadeild af tæknisviði yfir á nýja sviðið. Við breytinguna fluttust tiltekin verkefni á milli sviða og samhliða því var settur meiri kraftur í stafrænar umbætur með áherslu á þróun lausna til að mæta áskorunum í rekstri Skattsins.

Helstu verkefni

Áfram var unnið að tæknilegri útfærslu á kílómetragjaldi á rafmagnsbíla, vetnisbíla og tengiltvinnbíla en auk þess var í gangi undirbúningur fyrir upptöku sams konar gjalds á öll ökutæki.

Á árinu var unnið að því að koma nánast öllum bréfum Skattsins í stafrænt pósthólf á island.is, eins og lög nr. 105/2021, um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, kveða á um. Verkefnið var umfangsmikið og marghliða og unnið í víðtæku samstafi á milli sviða. Markmið Skattsins að öll viðeigandi bréf væru birt í stafræna pósthólfinu 1. janúar 2025 náðist.

Á árinu fór töluverð vinna í spjallmenni Skattsins. Stýring uppsetningar þess og skipulags var í höndum þjónustulausna en á árinu var verkefnið afhent þjónustuverinu á Akureyri til reksturs og viðhalds.

Unnið var í upplýsingakerfi tollgæslu á árinu. Mikill undirbúningur hefur átt sér stað á utanumhaldi viðkvæmra upplýsinga sem tollgæslan safnar í samstarfi við lögregluna og aðra utanaðkomandi aðila ásamt samráði við persónuverndarfulltrúa Skattsins.

Á árinu hófst vinna við nýjan upplýsingavef Skattsins í samstarfi við island.is.

Gagnavísindadeild hélt áfram vinnu við eftirlits- og rannsóknarverkefni. Hlutfall eftirlitsmála frá gagnavísindum sem leiddu til endurákvarðana árið 2024 var 73%.

Farið var af stað með snjallmenni Skattsins sem að hluta til er byggt á spunagreind.

Í fyrsta skipti var útbúið spálíkan fyrir álagningu einstaklinga og lögaðila. Spáð er allt að 10 mánuði fram í tímann og niðurstöðum deilt með Fjársýslunni og Fjármálaráðuneytinu.

Eftirlit og rannsóknir

Skatteftirlit og -rannsóknir felast m.a. í endurskoðun á framtalsgögnum og í rannsóknum á skattundanskotum og öðrum refsiverðum brotum. Markmiðið er að minnka skattagapið með því að stemma stigu við ólögmætri skattasniðgöngu og skattundanskotum. Sviðinu er skipt upp í þrjár deildir: eftirlitsdeild, rannsóknadeild og viðurlagadeild.

Eftirlit

Skatteftirlit snýr m.a. að endurskoðun á framtalsgögnum einstaklinga og lögaðila. Helstu málaflokkar sem voru til skoðunar á árinu voru eftirfarandi:

- Athugun á framtöldum bifreiðahlunnindum
- Könnun á framtöldu reiknuðu endurgjaldi
- Skoðun skattskila út frá erlendum innborgunum á bankareikninga og kort
- Skoðun skattskila vegna tekna af útleigu gistirýma

Af öðrum málaflokkum má t.a.m. nefna:

- Lánveitingar einkahlutafélaga til hluthafa
- Söluhagnaður einstaklinga af sölu hlutabréfa vegna viðskipta tengdra aðila
- Kaup einkahlutafélaga á fasteignum og öðrum eignum til afnota fyrir hluthafa
- Frestaður söluhagnaður lögaðila
- Kaupréttir

Á árinu var áframhald á því verklagi að vinna með tiltekna málaflokka í svonefndum lotuverkefnum, ásamt hefðbundinni úrvinnslu. Val verkefna er að miklu leyti unnið í samvinnu við gagnavísindadeild Skattsins. Áhersla var áfram lögð á að auka skilvirkni og stytta málsmeðferðartíma, en það var t.d. gert með því að yfirfara og einfalda verkferla.

Endurskoðun leiðir eftir atvikum til endurákvörðunar opinberra gjalda eða annarrar endurálagningar skatta. Í flestum tilvikum er álagi beitt samhliða endurákvörðun.

Stórfyrirtækjaeftirlit

Í eftirlitsdeild sviðsins er starfrækt sérstakt teymi er hefur það hlutverk að hafa eftirlit með skattskilum stærri fyrirtækja eftir atvinnugreinum. Hópurinn hóf störf á árinu 2020 og var þá lögð áhersla á skoðun sjávarútvegsfyrirtækja. Á árinu 2023 var lögð áhersla á skoðun byggingageirans og hélt sú skoðun áfram á árinu 2024. Stórfyrirtækjaeftirlit beinist að ýmsum þáttum í rekstri fyrirtækjanna, m.a. að risnutengdum liðum og hlunnindum, eignfærslu fjármagnskostnaðar, fyrningum og viðskiptum móðurfélags og dótturfélaga. Verklag við stórfyrirtækjaeftirlit byggir á góðu samstarfi við þá aðila er sæta athugun, enda oft á tíðum mikið magn gagna sem yfirferð beinist að. Málum lýkur oftast með beiðni um leiðréttingu en einnig með hefðbundinni endurálagningu opinberra gjalda.

Milliverðlagning – Viðskipti tengdra lögaðila yfir landamæri

Innan eftirlitsdeildar sviðsins er starfandi teymi er hefur með höndum skoðun og greiningu á lögaðilum sem eru skjölunarskyldir skv. 57. gr. tsl. og eiga að skila skjölunareyðublaði RSK 4.28 með skattframtölum sínum. Yfirferð teymisins á árinu beindist að árunum 2022 og 2023, gjaldárunum 2023 og 2024. Á þeim árum er til skoðunar voru skiluðu um 330 aðilar umræddu skjölunareyðublaði. Séu skattstofnar ranglega fram taldir leiðir það til endurákvörðunar þeirra.

Peningaþvætti

Peningaþvættiseftirliti er sinnt innan eftirlitsdeildar sem nánar tiltekið felst í eftirliti með því að tilkynningarskyldir aðilar, að fjármálastofnunum undanskildum, uppfylli skyldur sem á þeim hvíla skv. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, og lögum um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna. Þær kröfur sem gerðar eru til tilkynningarskyldra aðila eru m.a. að framkvæma áhættumat á eigin rekstri til að greina hvar hættur eða veikleikar liggja í rekstrinum. Þá þurfa þeir að framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum sínum og kanna hvort þeir sæti þvingunaraðgerðum.


Á árinu gerði teymið 21 athugun hjá tilkynningarskyldum aðilum og lauk hluta þeirra athuguna á árinu. Kröfur eru settar fram um úrbætur ef við á. Að jafnaði er stjórnvaldssektum beitt vegna brota á lögnum. Átta aðilar leituðust við að ljúka málinu með sátt gegn greiðslu hluta sektarfjárhæðar. Í tveimur málum voru sættir frá árinu 2023 felldar niður vegna ófullnægjandi úrbóta og ný sekt lögð á. Námu sektir vegna brota tilkynningarskyldra aðila alls kr. 49,3 milljónum á árinu 2024. Þá var áfram lögð áhersla á að yfirfara verkferla og þróa verklag enn frekar til að auka skilvirkni. Fulltrúi teymisins, auk fulltrúa deildar rannsókna og deildar viðurlaga, eiga sæti í stýrihóp stjórnvalda um stefnumótun og samhæfingu varna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Skattrannsóknir


Rannsóknadeild annast rannsóknir á refsiverðum brotum gegn skattalögum og tilteknum brotum gegn lögum um bókhald og lögum um ársreikninga.

Rannsóknamál ársins vörðuðu m.a. skattundanskot vegna félaga í formi vanframtalinna tekna auk offramtalinna gjalda og óheimilla úttekta úr félögum. Sjónum var beint að skipulagðri brotastarfsemi, m.a. fólginni í útgáfu tilhæfulausra sölureikninga, ýmist í þeim tilgangi að flytja fjármuni úr félögum til eigenda eða til að greiða dulin laun, sem og til að komast hjá greiðslu lögbundins virðisaukaskatts. Margvísleg önnur mál voru til rannsóknar s.s. skattundanskot félaga og einstaklinga í tengslum við eignarhald á erlendum félögum. Skattrannsókn leiðir eftir atvikum til endurákvörðunar opinberra gjalda eða annarrar endurlagningar skatta. Í flestum tilvikum leiða rannsóknir deildarinnar til sektarákvörðunar vegna brota sem rannsókn hefur leitt í ljós. Ef mál er sæta meðferð rannsóknadeildar teljast alvarleg er þeim vísað til meðferðar héraðssaksóknara í samræmi við fyrirmæli ríkissaksóknara. Flest þeirra mála eru í framhaldinu rannsökuð af rannsóknadeild í samvinnu við héraðssaksóknara, þar sem sá síðarnefndi í framhaldi rannsóknar gefur út ákæru vegna ætlaðra brota.

Skattransóknir á vanskilum á vörslufé Fjárhæð



Gjaldabreytingar eftirlits- og rannsóknarmála Fjöldi mála og fjárhæð



Auk rannsókna á skattundanskotum beinast rannsóknir deildarinnar að brotum er lúta að vanskilum vörslufjár, þ.e. virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda. Á árinu var fjárhæð vanskila vegna brota er sættu rannsókn alls um 1.281 milljónir kr. Á árinu voru greiddar rúmlega 224 milljónir kr. inn á vangoldinn höfuðstól eftir að tilkynnt var um rannsókn.

Undir rannsókn máls kann að vera þörf á leit og haldlagningu gagna sem lið í að upplýsa mál. Er í þeim tilvikum óskað úrskurðar fyrir dómstólum. Skýrslutökur eru teknar undir rannsókn máls, að jafnaði í hljóði og mynd, að gefinni viðeigandi réttarstöðu. Á árinu voru framkvæmdar 102 skýrslutökur samanborið við 135 á árinu 2023. Til að tryggja greiðslu væntanlegrar skattkröfu, sektar og sakarkostnaðar kunna eignir að vera kyrrsettar við rannsókn máls. Á árinu voru eignir kyrrsettar fyrir um 1.345 milljónir kr. í alls 21 máli.

Með lögum nr. 29/2021 var fengin sérstök heimild til að ljúka meðferð máls með leiðréttingu skattskila undir rannsókn. Hefur slík leiðrétting áhrif til lækkunar sekta vegna brota. Á árinu lauk 13 málum með hinni nýju leiðréttingaleið skattskila.

Aðgerðateymi

Innan rannsóknadeildar er starfrækt sérstakt aðgerðateymi sem m.a. er ætlað að sinna heimsóknnum á starfsstöðvar og eftir atvikum að stöðva yfirstandandi brotastarfsemi með lokunaraðgerðum. Meginverkefni teymisins er að uppgötva frávik í rauntíma er lúta að launagreiðslum, virðisaukaskattsskilum og tekjuskráningu rekstraraðila. Á árinu hefur verið unnið áfram að þeim áherslubreytingum sem ákveðnar voru á árinu 2023, og hefur hlutverk aðgerðateymisins verið mótað með hliðsjón af aukinni frávikagreiningu sem framkvæmd er með aðstoð gagnavísindaeiningar Skattsins. Fyrst og fremst er um að ræða forvirkar aðgerðir sem ætlað er að vera leiðbeinandi og leiðrétandi. Sinni rekstraraðilar ekki tilmælum er málum eftir atvikum vísað til áframhaldi meðferðar innan Skattsins. Ef um mjög alvarleg frávik er að ræða er rekstur stöðvaður og starfsstöðvar innsiglaðar. Jafnframt hefur samstarf þvert á svið Skattsins verið aukið þar sem teymið sinnir ákveðnum verkefnum í samstarfi við önnur svið, þ. á m. álagningarsvið

og innheimtu- og skráasvið. Á árinu var haldið áfram góðu samstarfi við aðrar stofnanir sem sinna opinberu eftirliti af hálfu ríkisins, s.s. lögreglu, Vinnueftirliti og Vinnumála-stofnun.

Viðurlög

Meginhlutverk viðurlagadeildar er að annast refsimeðferð mála er sæta rannsókn innan sviðsins. Refsimeðferð er tvenns konar. Í fyrsta lagi beiting sektar viðurlagadeildar að hámarki 100 milljónir kr. Þær sektarákvarðanir eru kærnanlegar til yfirséttanefndar. Í annan stað sekt og eftir atvikum fangelsi í kjölfar ákærumeðferðar lögreglu í málum sem viðurlagadeild hefur vísað til héraðssaksóknara. Á árinu námu sektir ákvarðaðar af hálfu viðurlagadeildar alls um 1.109 milljónum kr. í 47 málum. Þrjár sektarákvarðanir voru kærðar til yfirséttanefndar og voru tvær ákvarðanir staðfestar af hálfu nefndarinnar og ein sektarákvörðun lækkuð.

Annað meginhlutverk viðurlagadeildar er að hlutast til um endurákvarðanir skatta í þeim málum er sætt hafa rannsókn. Auk þess sinnir deildin kröfugerðum vegna úrskurða sviðsins sem kærðir hafa verið til yfirséttanefndar og gerð umsagna sem ríkislögmaður kallar eftir frá Skattinum vegna dómsmála sem rekin eru vegna skattaþáttar eftirlits- og rannsóknamála. Þá sinnir deildin verkefnum einkum tengdum rannsóknaraðgerðum sviðsins, þ. á m. kyrrsetningum eigna í samvinnu við innheimtu- og skráasvið embættisins, úrskurðabæiðnum fyrir dómstólum um húsleitir og haldlagningu gagna og ágreiningsmálum fyrir dómstólum vegna kyrrsetninga.

Verkefnaval og greining

Innan sviðsins eru starfrækt sérstök teymi sérfræðinga sem sinna verkefnavali og greiningu. Verkefnavali er ætlað m.a. að samræma málsmeðferð m.a. með því að ákveða áframhaldandi farveg máls innan sviðsins. Greiningarteymi sviðsins vinnur náið með sérfræðingum verkefnavals við nánari greiningu og úrvinnslu á einstökum málum áður en til frekari meðferðar þeirrar kemur innan eftirlits- eða rannsóknadeildar. Verkefnaval vinnur náið með gagnavísindaeiningu embættisins við þróun og útfærslu greiningaraðferða við val verkefna.

Á árinu var unnið áfram að markvissri innleiðingu formlegs áhættumats við val á verkefnum, byggðu á aðferðafræði OECD. Stefnt er að því að þróa áhættumatið enn frekar á næstu árum og auka vægi þess innan sviðsins.

Teymi sviðsins sjá einnig um að yfirfara ábendingar sem berast um möguleg frávik í skattskilum, þar á meðal frá almenningi. Á árinu bárust alls 307 ábendingar.

Álagning opinberra gjalda

Meginmarkmið Skattsins eru að skattskil almennings og fyrirtækja séu rétt og í samræmi við lögbundnar skyldur. Einnig að þau sem leita til embættisins, svo sem eftir aðstoð við framtalsskil eða svörum við skattalegum spurningum og álitaefnum, fái þjónustuna á öruggan og skilvirkan hátt í samræmi við gildandi lagaákvæði.

Markmið álagningarsviðs er að starfa í samræmi við framangreint og stefna þannig að hámarksárangri. Til þess að ná þessu fram þarf m.a. öfluga starfsemi á sviði þróunar-, tækni- og upplýsingamála með aðkomu og samvinnu við alla starfsmenn embættisins.


Framtal einstaklinga og lögaðila

Þjónusta Skattsins vegna framtalsgerðar var að venju viðamikil og var sérstök áhersla lögð á fjarþjónustu í takt við markmið embættisins um einföldun og skilvirkni þjónustu. Á meðan á framtalsfresti einstaklinga stóð svaraði starfsfólk Skattsins um 17 þúsund símtölum, svaraði þúsundum tölvupósta og veitti leiðbeiningar í afgreiðslum á starfsstöðvum.

Mikil áhersla var lögð á að vekja athygli á að opið væri fyrir framtalsskil með auglýsingum í sjónvarpi, dagblöðum og á vef- og samfélagsmiðlum. Auglýst var á íslensku, ensku og pólsku. Þá var boðið upp á bæklinga um framtalsskil á ensku, pólsku, litháísku, arabísku, úkraínsku og spænsku.


Opnað var fyrir framtalsskil einstaklinga þann 1. mars og var skilafrestur til 14. mars. Opnað var fyrir framtalsskil lögaðila 1. febrúar en lokaskiladagur var 31. maí. Endurskoðendur, bókarar og aðrir sem hafa atvinnu af framtalsgerð gátu sótt um lengri framtalsfresti eða fram til 15. apríl fyrir einstaklinga og til loka september fyrir lögaðila.

Fjöldi á skattgrunnskrá



Framtalsskil

Hlutfall í prósentum



Álagning einstaklinga


Við lok framtalsfrests hefst mikil vinna við yfirferð og afgreiðslu innkominna framtala.

Á skattgrunnskrá, þ.e. skrá yfir skattskylda einstaklinga við álagningu ársins, voru 344.701 einstaklingar. Á framtalsfresti bárust framtöl 322.196 einstaklinga eða 93,5% framtala skattskyldra einstaklinga.

Meginþorri framtala er afgreiddur vélrænt en u.þ.b. 15% framtala eru afgreidd handvirkir samkvæmt fyrirfram ákveðinni regluþrófun.


Afgreidd erindi og framtöl einstaklinga

Fjöldi



Afgreiddar kærur einstaklinga - 99. gr. tsl.

Fjöldi



Álagning einstaklinga fór fram þann 31. maí en álagningarseðlar voru birtir á þjónustusiðu framteljenda þann 22. maí. Álagningarskrá einstaklinga var aðgengileg á starfsstöðvum Skattsins á tímabilinu 18. ágúst til 1. september.

Staðgreiðsla

Mánaðarlega er öllum launagreiðendum og einstaklingum, sem ofnýtt hafa persónuafslátt eða notað rangt skattþrep, send tilkynning þar um. Þannig er stuðlað að því að staðgreiðsluskil séu sem réttust á hverjum tíma.


Árlega berast fjölmargar beiðnir um leiðréttingu vegna staðgreiðslu opinberra gjalda. Þessar beiðnir stafa bæði frá almenna vinnumarkaðinum en þó sérstaklega frá Tryggingastofnun og Vinnumálastofnun. Er hér fyrst og fremst um að ræða endurreikning á réttindum til greiðslna sem m.a. er gerður þegar upplýsingar um tekjur viðkomandi einstaklinga liggja fyrir samkvæmt framtölum. Leitast er við að færa inn sem flestar þessara leiðréttinga áður en framtöl eru árituð eða fyrir birtingu álagningar.

Álagning skattskyldra lögaðila


Fjöldi lögaðila á skattgrunnsskrá á landinu öllu við lok álagningar ársins var 72.266 en þar af voru 54.532 skattskyldir lögaðilar (einkahlutafélög, hlutafélög, sameignarfélög o.þ.h.) og 17.734 lögaðilar sem undanþegnir eru tekjuskatti (félagasamtök, sjóðir o.þ.h.).

Fyrir lok álagningar höfðu 46.978 framtöl skattskyldra lögaðila borist og sætt álagningu eða 86,1% framtala. Árið á undan bárust 45.177 framtöl til álagningar eða 86,8% framtala.

Afgreidd erindi og framtöl lögaðila



Afgreiddar lögaðilakærur



Gjöld 7.554 skattskyldra lögaðila voru áætluð sem er 13,85% lögaðila á skattgrunnsskrá. Árið á undan voru gjöld 13,22% lögaðila á skattgrunnsskrá áætluð. Kæruafgreiðsla fór fram innan lögbundins frests en kæufrestur rann út 30. nóvember. Álagningar-skrá vegna álagningar lögaðila var lögð fram dagana 16. nóvember til 30. nóvember að báðum dögum meðtöldum. Skráin lá frammi á almennum starfsstöðvum Skattsins utan Reykjavíkur, en í Reykjavík í höfuðstöðvum Skattsins að Katrínartúni 6.

Virðisaukaskattur


Á virðisaukaskattsskrá eru aðilar, einstaklingar og lögaðilar, sem hafa með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi. Í árslok voru 39.195 aðilar skráðir á virðisaukaskattsskrá sem er fjölgun frá árinu á undan eða um 612. Um það bil 20% skráðra voru einstaklingar og 80% lögaðilar.

Á árinu voru framkvæmdar 4.599 nýskráningar eða endurskráningar og 4.109 afskráningar. Nýskráningum fækkaði lítillega á milli ára sem getur að hluta til skýrst vegna aukins eftirlits með aðilum sem óska skráningar á virðisaukaskattsskrá. Þá fjölgaði um 516 afskráningar árið 2024 sem skýrist að miklu leyti vegna aukinna afskráningarheimilda ríkisskattstjóra, sbr. 9., 10. og 11. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Við álagningu uppgjörstímabila ársins 2024 voru 190.552 skráðar virðisaukaskattsskýrslur, sem er rétt rúmlega 8.000 skýrslum fleiri en á árinu 2023 en að viðbættum áætlunum var fjöldinn 192.509. Af skráðum skýrslum og áætlunum kváðu 142.427 skýrslur á um greiðslu, 33.582 skýrslur kváðu á um inneign og 25.543 voru núllskýrslur. Auk framangreindra skýrslna voru 1.819 skýrslur skráðar frá aðilum með vikuleg bráðabirgðaskil í fiskvinnslu.


Í lok árs höfðu 17.929 leiðréttingarskýrslur borist með skattframtölum ársins sem eru fleiri en á árinu á undan og voru 94% af þeim afgreiddar á árinu. Var 188.120 skýrslum skilað rafrænt og virkir veflyklar voru 39.190.

Ríkisskattstjóri áætlaði virðisaukaskatt hjá 1.984 aðilum samanborið við 3.593 vegna ársins 2023, áætlunum fækkaði því um 1.609.



Endurgreiðslur virðisaukaskatts


Þúsundir kr.



Á árinu var opnað fyrir rafræna skráningu á virðisaukaskattsskrá og launagreiðendaskrá í gegnum þjónustuvef Skattsins. Um er að ræða fyrsta áfangann í rafvæðingu skráanna. Í næsta áfanga verður opnað fyrir breytingar og afskráningar aðila. Jafnframt var opnað fyrir rafræn skil á skilgreinum gistináttaskatts.


Árangur skoðunar í álagningu virðisaukaskattsdeildar

Fjöldi og fjárhæð



Útskattur og innskattur

Fjárhæðir í þúsundum kr.



Alþjóðleg skattlagning

Þann 1. júní 2024 var deild alþjóðlegrar skattlagningar og upplýsingaskipta komið á fót innan álagningararviðs. Í nýrri deild eru sameinuð verkefni sem áður féllu undir alþjóðlega skattlagningu og þau upplýsingaskipti sem áður voru á eftirlits- og rannsóknarsviði.

Mál er varða alþjóðlega skattlagningu eru mjög fjölbreytt og tengjast flest tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert. Á grundvelli tvísköttunarsamninganna eru gefnar út undanþágur auk þess sem réttur getur myndast til endurgreiðslu á sköttum sem dregnir hafa verið af í staðgreiðslu af ákveðnum tekjum. Gefin eru út tekju- og eignavottorð, skattskylduvottorð og barnabótavottorð ásamt virðisaukaskattsvottorðum. Þá þarf að sinna fjölmörgum fyrirspurnum og móttaka upplýsingar frá systurstofnunum innan EES varðandi rétt til barnabóta á svæðinu sem og álitamálum sem upp koma innan stofnunarinnar og snerta túlkun tvísköttunarsamninga og skattlagningu á milli landa.

Upplýsingaskipti samkvæmt beiðni og tilfallandi upplýsingaskipti eru á verksviði deildarinnar, ásamt upplýsingaskiptum skv. CRS og Fatca stöðlum ásamt eftirliti með skilaskyldum aðilum.

Tölfræðin fyrir 2024	
Vottorð	2136
RSK 5.49	735
RSK 5.42	527
RSK 5.43	107
Undanþága frá takmarkaðri skattskyldu af vöxtum	27
EES barnabætur	1928
Upplýsingaskipti samkvæmt beiðni	47
Tilfallandi upplýsingask.	20
Önnur mál	125
Samtals	5652

Innheimta opinberra gjalda

Skatturinn annast innheimtu opinberra gjalda í stjórnsýsluumdæmi sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu. Einnig sinnir stofnunin vanskila-innheimtu og erlendri innheimtu samkvæmt gagnkvæmum innheimtu-samningum. Innheimtan gefur út verklagsreglur sem gilda fyrir innheimtumenn ríkissjóðs á landsvísu, veitir leiðbeiningar og sinnir eftirliti með innheimtumönnum. Innheimtan aðstoðar einnig Fjársýslu ríkis-ins við hönnun og viðhald á Tekjubókhaldskerfi ríkisins.

Aðfarargerðir


Á árinu voru sendar 554 greiðsluáskoranir í birtingu með stefnuvotti/póstinum og 8.642 aðfararbeiðnir voru sendar til sýslumanna. 460 fjárnám voru gerð í eignum og 6.129 fjárnámum lauk með árangursleysi. 635 gjaldþrotaskiptabeiðnir voru gerðar á árinu vegna lögaðila og 28 vegna einstaklinga. Fjöldi gjaldþrotaúrskurða var 509.

Kyrrsetningarmál

Hjá lögfræðiiinnheimtu voru stofnuð 37 kyrrsetningarmál á árinu, þar af voru 15 vegna ábyrgðar þriðja aðila. Ein tilkynning frá skattrannsóknarstjóra getur leitt til fleiri en eins kyrrsetningarmáls. Að uppfylltum lagaskilyrðum er hægt að beina kyrrsetningargerð bæði að gjaldanda og aðila sem ber sjálfsskuldarábyrgð á greiðslu kröfunnar eða sektar skv. skattalögum. Á árinu fóru fram 25 kyrrsetningar. Samtals lét ríkisskattstjóri kyrrsetja eignir fyrir 1.325.113.118 kr. á árinu.

Greiðsluáætlanir


Á árinu voru gerðar 15.457 greiðsluáætlanir við gjaldendur. Þar af voru 3.123 gerðar með sjálfsafgreiðslulausn á island.is. Flestar greiðsluáætlanir, 7.831 talsins voru gerðar til að koma í veg fyrir að fjárnámsbeiðni væri send og næstflestar eða 5.094 voru gerðar



Innheimtuárangur 1. júlí vegna álagningarársins árið áður

Í prósentum


Samantölð álagning eftirtalinna gjaldflokka: Staðgreiðsla laungreiðanda, tryggingagjald, virðisaukaskattur, þing- og sveitarsjóðsgjöld einstaklinga og þinggjöld lögaðila.



Vanskilaaðgerðir

Fjöldi

■ Fjárnámsbeiðnir ■ Fjárnám í eign ■ Árangurslaus fjárnám



um lækkun á launaafdrætti. Í gegnum greiðsluáætlanirnar við Skattinn komu samtals greiðslur frá einstaklingum um 3,3 milljarða króna og frá lögaðilum um 7 milljarðar króna.

Erlend innheimta

Beiðnir um aðstoð við innheimtu skatta og ofgreiddra barnabóta sem bárust lögfræðinnheimtu voru 93 talsins og nam heildarfjárhæð krafna 244.364.512 kr. Lögfræðinnheimta greiddi 121.846.893 kr. til erlendra stjórnvalda á árinu. Erlend stjórnvöld greiddu 36.800.260 kr. til Íslands á árinu 2024. Lögfræðinnheimta sendi 182 beiðnir til erlendra yfirvalda á árinu og nam heildarfjárhæð krafna kr. 194.644.320.

Vönduð ákvarðanataka og málsmeðferð lögfræðinnheimtu

Stefnt var að því að allar ákvarðanir ríkisskattstjóra í innheimtumálum væru efnislega staðfestar í kærumeðferð hjá viðeigandi stjórnvöldum, umboðsmanni Alþingis, úrskurðarnefndum og fyrir dómstólum. Á árinu 2024 voru 8 úrskurðir til meðferðar hjá héraðsdómstólum og eitt dómsmál. Í einu úrskurðarmáli var niðurstaðan Skattinum í óhag. Dómsmálið féll Skattinum í óhag. Niðurstaðan í árslok var að ákvarðanir í innheimtunni voru staðfestar í 77% tilvika. Stefnt var að því að engar athugasemdir væru gerðar við málsmeðferð frá viðeigandi stjórnvöldum, umboðsmanni Alþingis og dómstólum. Það markmið náðist í 100% tilvika.

Samræmingar- og eftirlitshlutverk ríkisskattstjóra skv. lögum nr. 150/2019

Starfsmenn innheimtu- og skráasviðs héldu tvo fundi á árinu 2024 með innheimtumönnum ríkissjóðs þar sem farið var yfir áhugaverð atriði er varða innheimtu skatta og gjalda. Fyrri fundurinn var haldinn í Katrínartúni í júní og sá seinni var fjarfundur sem var haldinn í nóvember.

Greiðsludreifing staðgreiðslu og tryggingagjalds

Á árinu 2021 fengu 376 aðilar samþykkt 48 gjalddaga greiðsludreifingu á frestaðri staðgreiðslu og tryggingagjaldi samkvæmt lögum nr. 36/2021. Gjalddagar samkvæmt greiðsludreifingunni eru frá 1. júlí 2022 til og með 1. júní 2026. Greiðsludreifingin fellur niður ef aðili skuldar þrjá gjalddaga af greiðsludreifingu eða er úrskurðaður gjaldþrota. Skatturinn sendir beiðnir til Fjársýslunnar um niðurfellingu á greiðsludreifingunni þegar við á.

Skatturinn sendir tilkynningarbréf til þeirra sem skulda tvo gjalddaga af greiðsludreifingu þar sem viðkomandi er hvattur til uppgjörs á vanskilum svo ekki komi til niðurfellingar eftir eindaga þriðja gjalddagans. Móttaka tilkynningarbréfsins er ekki forsenda fyrir niðurfellingunni heldur er aðeins um áminningu að ræða. Á árinu voru send 58 tilkynningarbréf til 29 aðila og var greiðsludreifingin felld niður hjá 11 aðilum vegna vanskila.

Skatturinn fylgist með því hvort aðilar með greiðsludreifingu verði gjaldþrota og á árinu 2024 var greiðsludreifingin felld niður hjá sex aðilum vegna gjaldþrotaúrskurðar. Af þessum sex aðilum sem fengu niðurfellingu vegna gjaldþrotaúrskurðar voru þrjú samrunafélög en yfirtökufélag þeirra varð gjaldþrota á árinu 2024.

Frestur á staðgreiðslu og tryggingagjaldi - 48 gjalddaga greiðsludreifing í lok árs 2024				
Ár í TBR	Höfuðstóll	Afskrifað	Greiðslur	Ógreitt
2022	898.298.317	-20.194.327	-877.657.293	446.697
2023	1.788.061.290	-4.359.114	-1.676.979.668	106.722.508
2024	1.744.140.684	-30.556.797	-1.590.279.653	123.304.234
Samtals	4.430.500.291	-55.110.238	-4.144.916.614	230.473.439

Þjónusta á starfsstöðvum

Árið 2024 er fyrsta heila ár Skattsins í nýrri starfsstöð að Katrínartúni 6. Heimsóknir viðskiptavina í afgreiðslu Skattsins voru svipaðar á milli ára en heildarkomur viðskiptavina árið 2023 voru 28.142 en árið 2024 voru þær 28.097.

Afgreiðslusalur Skattsins í Katrínartúni skiptist í aðsetur öryggisvarðar, fimm afgreiðslubása fyrir almenna afgreiðslu og fjóra afgreiðslubása fyrir þjónustufulltrúa lögfræðinnheimtu. Hjólastólaaðgengi er gott og er til staðar sérstakur afgreiðslubás fyrir viðskiptavinum í hjólastól. Í afgreiðslusal Skattsins er einnig að finna þrjár tölvur til notkunar fyrir viðskiptavinum. Þannig geta viðskiptavinir nýtt sér sjálfsafgreiðslumöguleika Skattsins og jafnframt fengið aðstoð frá starfsmönnum í afgreiðslu.

Viðskiptavinir sækja ýmsa þjónustu til Skattsins – erindi sem afgreidd eru í framlínu í Katrínartúni 6 skiptast með eftirfarandi hætti:

Gjaldkeri	Almenn afgreiðsla	Fyrirtækjaskrá	Þjónustufulltrúi
3.309	15.324	4.531	4.933

Fyrirtækja- og ársreikningaskrár

Skatturinn starfrækir fyrirtækjaskrá, þ.á.m. hlutafélagaskrá, annast skráningu á atvinnustarfsemi og ýmis konar félagastarfsemi og veitir upplýsingar úr þeim skrá. Skatturinn sér einnig um starfrækslu ársreikningaskrár, söfnun ársreikninga og miðlun þeirra til almennings svo og eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Fyrirtækjaskrá

Skýlt er að skrá öll félög í atvinnurekstri hjá Skattinum en algengasta rekstrarformið er einkahlutafélag (ehf). Skráning einkahlutafélaga í fyrirtækjaskrá er að hluta til rafræn þannig að viðskiptavinir geta sjálfir með einföldum hætti framkvæmt ýmsar skráningar og breytingar á skráningum.


Skráning félaga

Í árslok voru rúmlega 90.900 fyrirtæki og félög skráð í fyrirtækjaskrá, sem er fjölgun frá fyrra ári þegar skráningarnar voru rúmlega 88.600 talsins. Á árinu voru 542 hlutafélög, 48.190 einkahlutafélög og 5.890 sameignar- og samlagsfélög á skrá. Auk þessa voru skráð rúmlega 11.400 félagasamtök og rúmlega 12.700 húsfélög. Í árslok voru 15.830 einstaklingar skráðir með rekstur í eigin nafni. Þá voru á kerfiskennitöluskrá rúmlega 8.300 aðilar sem eru aðallega erlend félög með bankaviðskipti hér á landi. Á árinu voru nýskráðir 6.146 aðilar í fyrirtækjaskrá, þar af 2.916 einkahlutafélög. Fjöldi félaga sem voru afskráð á grundvelli slita, gjaldþrota og samruna við önnur félög voru 4.257 talsins. Á árinu bárust 17.189 tilkynningar um breytingar á skráningu fyrirtækja og félagasamtaka.

Tilkynningar um samruna og skiptingar voru 210 og voru 207 félög afskráð í tengslum við samruna við önnur félög.

Fyrirtækjaskrá

Fjöldi og skipting fyrirtækja og félaga



Rafræn fyrirtækjaskrá

Staða rafrænnar fyrirtækjaskrár er óbreytt frá fyrri árum. Einungis er hægt að tilkynna um stofnun og breytingar á einkahlutafélögum og raunverulegum eigendum þeirra. Mikilvægt er að koma fleiri félagaformum inn í kerfið ásamt því að hægt verði að tilkynna um breytingar á hlutafé í gegnum það.

Fyrirtækjaskrá móttækur á hverjum degi fjöldann allan af tilkynningum sem eru undirritaðar með rafrænum hætti en fara ekki í gegnum rafræna fyrirtækjaskrá heldur eru sendar til fyrirtækjaskrár með tölvupósti. Slíkar tilkynningar fara í ákveðið ferli og taka jafnan langan tíma í yfirferð og skráningu, rétt eins og tilkynningar sem eru móttæknar á pappír. Einnig felst töluverð vinna og utanumhald í því að gera skjölin opinber og aðgengileg í fyrirtækjaskrá. Vinna þarf markvisst að því að koma sem flestum tilkynningum í gegnum rafræna fyrirtækjaskrá til þess að einfalda vinnu við skráningar.

Almannaheillafélagaskrá


Á árinu 2021 tóku gildi lög um almanneheillafélög nr. 110/2021. Félög til almanneheilla sem starfa samkvæmt þeim teljast þau félög sem stofnað er til eða starfrækt eru í þeim tilgangi að efla afmörkuð málefni til almanneheilla samkvæmt samþykktum sínum. Skráning félags til almanneheilla í almanneheillafélagaskrá er valkvæð og er ætluð þeim félögum þar sem stærð, umfang eða eðli starfseminnar felur í sér skyldur og réttindi sem kveðið er á um í lögum.

Fyrir félög sem starfa að almanneheillum getur verið til hagsbóta að vera skráð á almanneheillafélagaskrá því um þau gilda heildarlöggjöf og þar með er skotið traustari stoðum undir starfsemi þeirra. Einnig geta ríki, sveitarfélög og opinberir aðilar gert það að skilyrði fyrir styrkjum til þeirra o.fl. að þau séu skráð í almanneheillafélagaskrá.

Í árslok voru 68 almanneheillafélög skráð í fyrirtækjaskrá.

Fyrirtækjaskrá sér einnig um skráningu almanneheillafélaga sem eru með starfsemi yfir landamæri skv. lögum nr. 119/2019 og eru þau skráningarskyld ólíkt þeim almanneheillafélögum sem fjallað eru um hér á undan. Í árslok 2024 voru 57 félög skráð í þá skrá.

Nýskráð og afskráð fyrirtæki



Stjórnmalasamtakaskrá

Á árinu 2021 var lögum nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmalasamtaka breytt og starf-rækir Skatturinn nú sérstaka stjórnmalasamtakaskrá. Sá liður í lögnum sem fjallar um skráningu stjórnmalasamtaka tók gildi um áramót 2021/2022 en aðrar breytingar um mitt ár 2021. Skráning stjórnmalasamtaka í stjórnmalasamtakaskrá er valkvæð en skilyrði fyrir skráningu er að tilgangur samtakanna sé að bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarfélaga. Stjórnmalasamtök sem þegar voru skráð í fyrirtækjaskrá við breytingu laganna geta að uppfylltum skilyrðum farið fram á að samtökin verði skráð í stjórnmalasamtakaskrá.

Í árslok voru 27 aðilar á stjórnmalasamtakaskrá.

Löggilding skilaneftnda

Þegar félagi er slitið með þeim hætti að kjörin er skilaneftnd ber henni að óska eftir lög-gildingu til starfars til fyrirtækjaskrár. Að uppfylltum skilyrðum laga er skilaneftnd löggilt en 31 slíkar voru löggiltar á árinu.

Ákvarðanir fyrirtækjaskrár

Árlega koma upp mál sem tengjast deilum í félögum, andmælum við skráningu firmaheita eða synjun á skráningu vegna ýmissa félagaréttarlegra atriða. Á árinu var 10 málum lokið með ákvörðun fyrirtækjaskrár.

Ákvarðanir fyrirtækjaskrár eru kæranlegar til atvinnuvegaráðuneytisins.

Hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og prókúruhafa

Til þess að einstaklingar geti gegnt stöðum í stjórn, framkvæmdastjórn eða sem pró-kúruhafar félaga með takmarkaðri ábyrgð, þurfa þeir að uppfylla hæfisskilyrði sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 42. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög (ehfl.) og 1. mgr. 66. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög (hfl.). Um hæfi prókúruhafa er fjallað í 4. mgr. 44. gr. ehfl. og 4. mgr. 66. gr. hfl.

Á árinu 2024 bárust fyrirtækjaskrá upplýsingar um tólf einstaklinga sem misst höfðu hæfi sitt til að gegna stöðum í stjórn, framkvæmdastjórn eða sem prókúruhafar félags sem felur í sér að hlutaðeigandi má ekki gegna hlutverkum í félögum með takmarkaðri ábyrgð í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms. Ef slíkur aðili er skráður í félag, skal hann upp-lýsa fyrirtækjaskrá um það, en fyrirtækjaskrá hefur heimild til að afskrá viðkomandi úr hlutverki í félagi ef aðilinn fer ekki fram á það sjálfur.

Atvinnurekstrarbann og skráning hjá fyrirtækjaskrá

XXVI. kafli laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. hefur að markmiði að sporna gegn kennitöluflakki og misnotkun á félagaformi. Atvinnurekstrarbann samkvæmt lögnum felur í sér að viðkomandi aðila er óheimilt að stjórna félagi með takmarkaðri ábyrgð eigenda eða fara með prókúru eða annað umboð slíks félags.

Fyrirtækjaskrá heldur skrá yfir einstaklinga sem hafa verið úrskurðaðir í atvinnurekstr-arbann, sbr. 2. mgr. 189. gr. gjaldþrotaskiptalaga.

Á árinu 2024 bárust fyrirtækjaskrá upplýsingar um sjö einstaklinga sem höfðu verið úrskurðaðir í atvinnurekstrarbann með staðfestum úrskurðum dómstóla, og voru þeir í kjölfarið skráðir í atvinnurekstrarbannskrá.

Undanþága frá innköllun vegna lækkunar hlutafjár

Hlutafélög og einkahlutafélög sækja til fyrirtækjaskrár um undanþágu frá innköllunarskyldu vegna lækkunar á hlutafé. Á árinu veitti fyrirtækjaskrá 189 slíkar undanþágur en tilkynning um hlutafjárlækkun er send samhliða undanþágubeiðninni.

Skrá um raunverulega eigendur lögaðila

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra ber að halda utan um skráningu raunverulegra eigenda sbr. 2. gr. laga nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá. Lögin kveða á um að skráðar séu upplýsingar um þá einstaklinga sem í raun geta tekið ákvörðun um ráðstöfun fjármuna aðila skv. 2. gr. laganna, fara með stjórnun aðilans eða þeirra sem njóta góðs af þeim eignum sem um ræðir.

Aðilum er skylt skv. ákvæðum laga um skráningu raunverulegra eigenda að veita fyrirtækjaskrá upplýsingar um raunverulega eigendur við nýskráningu og er fyrirtækjaskrá óheimilt að nýskrá lögaðila nema þessar upplýsingar liggi fyrir.

Verði breyting á raunverulegum eiganda eða upplýsingum um hinn raunverulega eiganda ber að tilkynna það til fyrirtækjaskrár innan tveggja vikna frá því að breyting átti sér stað.

Gildistaka laga um skráningu raunverulegra eigenda hafði eðlilega mikil áhrif á starfsemi fyrirtækjaskrár enda um að ræða gríðarlega umfangsmikið verkefni sem kallaði á nýtt skráningarkerfi og mikla þjónustu við skráningarskylda aðila.

Ef skráningarskyldur aðili fylgir ekki lögum eða reglugerðum settum á grundvelli laganna skal ríkisskattstjóri krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests. Umfangsmikið eftirlit á sér stað af hálfu fyrirtækjaskrár og ef skráningarskyldur er ekki sinnt eða úrbætur ekki gerðar á fyrirliggjandi skráningu ber fyrirtækjaskrá að leggja á félagið dagsektir.

Eftirlit með skráningu raunverulegra eigenda og grunnupplýsingum í fyrirtækjaskrá

Í byrjun árs 2024 höfðu öll félög sinnt skráningarskyldu sinni um raunverulega eigendur eða verið afskráð/undir skiptum (62.855 félög). Verkefnið í tengslum við lög nr. 139/2022 um slit og skipti félaga sem ekki höfðu skráð raunverulega eigendur, sem fór af stað í ársbyrjun 2023, var að mestu leyti lokið við árslok 2024.

Fyrirtækjaskrá er eftirlitsaðili með skrá um raunverulega eigendur og grunnupplýsingum í fyrirtækjaskrá. Það er viðvarandi verkefni fyrirtækjaskrár að tryggja að upplýsingar í skránum séu réttar á hverjum tíma. Eftirlitsmál geta endað með að dagsektir eru lagðar á félögin bregðist þau ekki við bréfum fyrirtækjaskrár. Á árinu hóf fyrirtækjaskrá 2.515 eftirlitsmál vegna ófullnægjandi skráningar raunverulegra eigenda en málunum var ekki öllum lokið við árslok. Fyrirtækjaskrá sendi ábendingarbréf til 2.292 félaga vegna

ófullnægjandi skráningar, 319 boðunarbréf um fyrirhugaðar dagsektir, 142 úrskurði um álagningu dagsekta og dagsektir voru lagðar á 86 félög.

Á árinu var áhersla í eftirliti lögð á félög sem voru með misræmi á milli upplýsinga í skrá um raunverulega eigendur og hluthafalista með ársreikningum. Misræmið gat t.d. falist í að skv. hluthafalista með ársreikningi félags var einstaklingar með yfir 25% eignarhlut en hann ekki skráður raunverulegur eigandi. Einnig gat misræmið falist í ósamræmi í eignarhlut. Á árinu 2024 fjölgaði einnig ábendingum frá tilkynningarskyldum aðilum og eftirlitsaðilum mikið en þeim er skylt að tilkynna ríkisskattstjóra verði þeir í störfum sínum varir við misræmi milli upplýsinga um raunverulega eigendur í fyrirtækjaskrá og upplýsinga sem þeir búa yfir. Á árinu bárust 599 slíkar ábendingar til fyrirtækjaskrár. Fyrirtækjaskrá rannsakaði þessar ábendingar, sendi bréf til félaganna og félögin fengu merkingu í fyrirtækjaskrá um að raunverulegt eignarhald sætti skoðun. Á árinu voru einnig valin af handahófi 200 skráningarskyld félög (óháð félagaformi) og skráning þeirra yfirfarin. Niðurstaðan eftirlitsins var að 11,5% félaga voru með ófullnægjandi skráningu og var skráningu félagasamtaka sérstaklega ábótavant. Öll eftirlitsverkefni ársins hafa leitt í ljós að félög skila iðulega ekki inn fullnægjandi gögnum með skráningu raunverulegra eigenda en gögnin eiga að staðfesta veittar upplýsingar og sýna fram á að viðkomandi sé raunverulegur eigandi. Flest félög sem sæta eftirliti bregðast þó við bréfum fyrirtækjaskrár og lagfæra skráningu.

Fyrirtækjaskrá fór einnig í eftirlit vegna ófullnægjandi grunnupplýsinga í fyrirtækjaskrá, sbr. lög nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá. Dagsektir voru lagðar á 44 einkahlutafélög með enga stjórnarmenn skráða.

Í lok árs 2024 var komið á fót eftirlitskerfi sem felur í sér miklar umbætur við eftirlit fyrirtækjaskrár og einfaldar kerfið til muna vinnu starfsmanna. Þar er hægt að sjá þegar félög undir eftirliti skrá raunverulega eigendur, senda inn nýjan ársreikning, skila inn grunnupplýsingum í fyrirtækjaskrá, skila inn nýjum hlutafjármiðum eða verða gjaldþrota/afskráð. Kerfið heldur einnig utan um hvenær bréf eru send í eftirlitsmálum og hvenær dagsektir eru lagðar á.

Upplýsingaskylda lögaðila samkvæmt jarðalögum

Samkvæmt 10. gr. b jarðalaga, nr. 81/2004, ber lögaðilum sem eiga fasteign sem fellur undir 3. gr. laganna og uppfylla nánar tiltekin skilyrði að upplýsa ríkisskattstjóra um beint og óbeint eignarhald sitt, raunverulega eigendur sína og eftir atvikum stjórnarmenn og aðra stjórnendur sína fyrir 1. febrúar ár hvert. Markmiðið með upplýsingaskyldunni er m.a. að auka gagnsæi um eignarráð á fasteignum í beinni og óbeinni eigu erlendra lögaðila. Samkvæmt upplýsingum fyrirtækjaskrár voru 33 lögaðilar, íslenskir og erlendir, upplýsingaskyldir skv. ákvæðinu vegna skila fyrir 1. febrúar 2024. Sinni upplýsingaskyldur lögaðili ekki upplýsingaskyldu sinni samkvæmt ákvæðinu með fullnægjandi hætti og bregst ekki við áskorunum ríkisskattstjóra um úrbætur, ber ríkisskattstjóra að tilkynna um slíkt tilvik til matvælaráðherra og til stýrihóps sem starfar skv. lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018. Á árinu 2024 var einn lögaðili tilkynntur til matvælaráðherra og stýrihópsins.

Ársreikningaskrá


Ársreikningaskrá er miðlæg landskrá sem tekur á móti, varðveitir og veitir aðgang að árs- og samstæðureikningum félaga í atvinnurekstri ásamt því að hafa eftirlit með að reikningarnir uppfylli ákvæði laga, reglugerða og settra reikningsskilareglna. Ársreikningaskrá fer jafnframt með eftirlit með árs- og samstæðureikningum útgefenda í kauphöll í samstarfi við Verðbréfaeftirlit Evrópu.

Skil ársreikninga

Alls bar 48.797 (2022: 46.443) félögum að skila ársreikningi til opinberrar birtingar hjá ársreikningaskrá fyrir reikningsárið sem lauk 31. desember 2023. Félögum sem falla undir gildissvið ársreikningalaga fjölgaði um 5,1% á milli ára.

Samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga skulu félög skila ársreikningi til opinberrar birtingar innan mánaðar frá því að reikningurinn var staðfestur á aðalfundi félags, þó aldrei síðar en átta mánuðum frá lokum reikningsárs. Alls höfðu 23.977 félög (2022: 23.423) skilað ársreikningi til opinberrar birtingar innan tilskilins frests eða 49,1% skilaskyldra félaga (2022: 50,4%) sem eru lakari skil en á árinu áður. Fyrir árslok 2024 höfðu 44.510 félög skilað ársreikningi til opinberrar birtingar (2022: 42.519) eða 91,2% félaga (2022: 91,6%). Af þeim 4.287 félögum sem ekki höfðu skilað inn ársreikningi fyrir reikningsárið 2023 fyrir lok ársins 2024 höfðu 3.105 félög annað hvort verið tekin til skipta eða skiptum var lokið fyrir árslok (2022: 2.731).

Þrjú af hverjum fimm félögum eða 60,9% þeirra (2022: 59,2%) félaga sem skiluðu ársreikningi nýttu sér rafræna lausn til að skila inn „Hnappsreikningi“ sem er einfalt form af ársreikningi sem byggir á upplýsingum úr innsendu skattframtali félagsins.



Við eftirlit með því hvort að framsetning og innihald ársreikninga væri í samræmi við ákvæði ársreikningalaga kom í ljós að of stór hluti félaga virðir ekki einföld atriði, svo sem vegna skýrslu stjórnar, endurskoðun, varðandi framsetningu rekstrar- og efnahagsreiknings og skýringar. Ársreikningaskrá hafnar ófullnægjandi ársreikningum í slíkum tilvikum og gerir kröfu um úrbætur af hálfu forráðamanna viðkomandi félaga.

Tímanleg skil ársreikninga sem gerðir eru í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerðir og settar reikningsskilareglur eru lykilatriði í gagnsæi og trausti á fjármálamarkaði.

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Í árslok 2023 beittu alls 187 félög (2022: 173) alþjóðlegum reikningsskilastöðlum en þar af voru um það bil 50 félög sem flokkast sem útgefendur í kauphöll.

Stjórnvaldssektir vegna vanskila á skilum ársreiknings

Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 120. gr. ársreikningalaga skal ársreikningaskrá leggja stjórnvaldssekt að fjárhæð 600 þús. kr. á félag sem ekki virðir skyldu til að skila ársreikningi innan þeirra tímafresta sem kveðið er á um í 109. gr laganna. Ársreikningaskrá lagði stjórnvaldssekt samkvæmt ákvæði 1. mgr. 120. gr. vegna reikningsársins sem lauk 31. desember 2023 á 3.949 félög (2022: 4.037). Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal ársreikningaskrá lækka álagðar stjórnvaldssektir um 90% ef félag gerir bragabót á skilum innan 30 daga, um 60% ef félag skilar innan tveggja mánaða og um 40% ef félag skilar innan þriggja mánaða. Alls fengu 1.982 félög (2022: 1.817) 90% lækkun, 208 félög (2022: 262) fengu 60% lækkun og 89 félög (2022: 73) fengu 40% lækkun.

Krafa um slit félaga

Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 121. gr. ársreikningalaga skal ársreikningaskrá krefjast skipta á félögum sem ekki hafa skilað ársreikningi innan sex mánaða frá því að lokafrestur til að skila ársreikningi rann út. Á árinu 2023 var send út viðvörunarbréf til 187 félaga en alls fór 151 krafa um skipti til héraðsdóms. Í lok ársins hafði héraðsdómur úrskurðað skipti í 2 málum af þeim sem þangað voru send en 113 félög voru úrskurðuð í skipti á árinu 2024. Önnur félög náðu að skila ársreikningi innan þess frests sem héraðsdómur veitti framangreindum félögum.

Tollgæsla

Hlutverk Skattsins á sviði tollamála er skilgreint í 40. gr. tollalaga nr. 88/2005. Tollgæsla Íslands fer með framkvæmd tollalaga og ber m.a. að viðhafa eftirlit með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum sem og ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu.

Grunnstoðir í eftirliti


Grunnstoðir í eftirliti tollgæslu lúta annars vegar að ólögmætum inn- og útflutningi vöru sem getur haft í för með sér hættu fyrir öryggi, umhverfi og heilsu almennings og hins vegar að rétttri álagningu inn- og útflutningsgjalda ásamt álagningu skilagjalds á innlenda framleiðslu, vörugjalds á innlenda framleiðslu ökutækja auk ýmissa tegunda eldsneytisskatta.

Á árinu voru alls tollafgreiddar 2.086.287 innflutningsskýrslur í gegnum tollakerfi Skattsins og tollafgreiðslukerfi Íslandspósts. Árið 2023 var fjöldi innflutningsskýrsla 1.907.038 sem jafngildir 9,4 % aukningu milli ára. Fjöldi útflutningsskýrsla á árinu var alls 146.982 sem er 1,7% aukning frá árinu á undan. Af innflutningsskýrslum sem fóru í gegnum tollakerfið voru 99,99% rafrænar. Hvað útflutning varðar var hlutfall rafrænna skýrsla 99,99%.

Undanfarinn áratug hefur verið mikil aukning í komum farþega til landsins. Aukið farþegaflæði er einkum til komið vegna mikils vaxtar í ferðapjónustu. Meginþorri farþega kemur í gegnum flugstöðina í Keflavík en nokkurt flæði er einnig í gegnum höfnina á Seyðisfirði með vikulegum komum ferjunnar Norrænu til landsins. Ef horft er til komu-, brottfarar- og tengifarþega um millilandaflugvelli þá voru þeir um 8,3 milljónir, samanborið við 7,8 milljónir árið á undan. Þar af voru komu- og brottfararfarþegar 5,8 milljónir og tengifarþegar 2,5 milljónir. Komum flugvéla fjölgaði ekki milli áranna 2023 og 2024 heldur stóð fjöldinn í stað en 33 þúsund vélar voru skráðar. Skipakomum fækkaði örliði en skráðar skipakomur voru 1.954 í stað 1.990 árið áður.


Rannsókn Tollgæslu

Fjöldi og tegund mála




Sektargerðir

Fjöldi og fjárhæð



Gjaldfærð gjöld við innflutning

Milljarðar króna




Á árinu voru gjaldfærð aðflutningsgjöld í gegnum tollakerfið um 345 milljarðar kr. við innflutning vöru til landsins, þar af rúmlega 295 milljarðar kr. í virðisaukaskatt og 4,3 milljarðar kr. í tolla. Vörugjöld líkt og eldsneytisgjöld, áfengisgjald og vörugjald af ökutækjum námu um 40,0 milljörðum kr. Rétt er að geta þess að hluti eldsneytisgjalda er rukkaður á dælu við sölu á eldsneyti en ekki í gegnum tollakerfið. Þá voru umhverfisgjöld (úrvinnslu- og skilagjöld) og eftirlitsgjald rúmlega 6,0 milljarðar kr.

Aðflutningsgjöld hækka á milli ára um 7,14% og vegur þar hæst hækkun á gjaldfærðum virðisaukaskatti í tolli. Þess má geta að aðflutningsgjöld stóðu í stað á milli árunna 2022 og 2023 eftir að hafa hækkað umtalsvert frá árinu 2021 til 2022.

Tollgæsla Íslands beitir þeim valdheimildum sem hún hefur til eftirlits og reynir að upplýsa um möguleg brot gegn tollalögum sem og öðrum lögum. Við eftirlit geta komið upp brot og er misjafnt hvernig þau eru meðhöndluð. Tollverðir hafa tollgæsluvald og geta, að vissum skilyrðum uppfylltum, lokið minni háttar brotum á vettvangi með sektargerð. Önnur brot sem koma upp við eftirlit eru meðhöndluð af rannsóknardeild tollgæslustjóra að undanskildum þeim málum sem er vísað beint af vettvangi til lögregluembættis landsins.


Inn- og útflutningur

Fjöldi tollskýrsla



Endurskoðun gjalda vegna innflutnings

Milljónir króna







Rannsóknardeild lauk 232 málum á árinu. Fjöldi þeirra mála sem var lokið með kæru til lögreglu voru 54. Á árinu var lögð áhersla á að ná niður fjölda mála og samhliða því, að áfram væri lögð áhersla á stærstu og þyngstu málin. Í lok ársins 2024 voru 400 mál í vinnslu hjá deildinni.

Tollendurskoðun felur í sér hvers konar könnun á réttmæti upplýsinga sem fram koma í tollskýrslum og öðrum gögnum sem álagning gjalda byggist á. Megináherslan er á forsendur fyrir útreikningi gjalda, þ.e. á tollverð, þyngd, magn, verð vöru, tollflokkun og uppruna vöru. Endurskoðun getur leitt til hækkunar eða lækkunar á gjöldum. Árið 2024 var fjárhæð endurákvarðana til hækkunar 35,1 milljónir kr. samanborið við 108,3 milljónir kr. árið áður.

Tollgæslan leggur árlega hald á mikið magn varnings sem fluttur er ólöglega til landsins. Um er að ræða fíkniefni, áfengi, tóbak og vopn, en einnig falsaðan varning, matvæli o.fl. Á árinu var lagt hald á 38,8 kg af kókaíni ásamt 3,1 l af fljótandi kókaíni, samanborið við 45,9 kg árið 2023. Einnig var lagt hald á 199,5 kg af maríjúana samanborið við 127 kg árið á undan og 29,6 kg af hassi. Þá lagði tollgæslan einnig hald á tæp 270 grömm af amfetamíni og 1 kg af metamfetamíni. Í samstarfsverkefnum með lögreglu voru haldlögð 1 kg af kókaíni og 5,7 kg af amfetamíni á árinu.

Tollgæslan tók þátt í sjö alþjóðlegum tollgæsluáðgerðum árið 2024. Fyrst ber að nefna lyfjaaðgerðina Operation Shield V á vegum Europol. Hér á landi lagði tollgæslan hald á 34 þúsund töflur af fíknilyfjum, 43 þúsund töflur og 1700 lyfjaglös af vefaukandi sterum. Áætlað götuverðmæti þeirra lyfja sem haldlögð voru hér á landi er tæplega 250 milljónir.





Þá tók tollgæsla þátt í samnorrænni Europol aðgerð tengdri umhverfisglæpum sem fjallaði um ólögleg viðskipti og flutning á ónýtum bifreiðum (ELV) innan Norðurlandanna. Þátttaka tollgæslu hélt áfram í Demeter X aðgerð á vegum WCO og kínverska tollsins sem beindist að ólöglegum flutningi á úrgangi, ODS og ósoneyðandi efnum yfir landamæri. Sömuleiðis var tollgæsla meðal þátttökupjóða í tveimur INCB aðgerðum tengdum nýjum fíkniefnum sem báru heitin Pseudonym og Zeneth. Pseudonym sneri að sérsöku eftirliti með efedríni og sýndar-efedríni og Zeneth með syntetískum ópíóíðum eins og Nitazene. Þá tók tollgæslan þátt í tveimur verkefnum ásamt Norðurlöndunum sem snéru að eftirliti með farþegum og útflutningi hjá tilteknum fyrirtækjum. Þá tók tollgæslan ásamt lögreglu þátt í nokkrum alþjóðlegum verkefnum.

Hér á landi lagði tollgæslan hald á tæplega 16 þúsund töflur, þar á meðal voru tæplega 11 þúsund töflur fíknilyf. Jafnframt tók tollgæslan þátt í tveimur skemmri lyfjaaðgerðum á vegum Interpol og WCO. Í þeim aðgerðum kom upp töluverður fjöldi smærri mála hér á landi þar sem m.a. var lagt hald á steratengd og róandi efni sem höfðu verið keypt á netinu og bárust til landsins með póst- og hraðsendingum. Af öðrum aðgerðum má nefna Operation Opson XII á vegum Europol sem beindist að ólöglegum matvælum og að auki Operation Demeter IX aðgerðina um ólöglegan flutning á úrgangi og ósoneyðandi efnum yfir landamæri, sem skipulögð var af WCO og kínverska tollinum. Að lokum tók tollgæslan þátt í aðgerðinni Operation Zodiac á vegum INCB, en aðgerðin beindist sérstaklega að bensódíasefín-lyfjum.

Alþjóðlegt samstarf

Skatt- og tollframkvæmd hefur í eðli sínu veigamikla alþjóðlega snertifleti og því er samstarf við önnur ríki og alþjóðastofnanir lykilþáttur í starfseminni. Sérfræðingar Skattsins taka virkan þátt í margvíslegri fjölþjóðlegri samvinnu, sinna jafningjarýni, njóta góðs af afurðum sameiginlegra verkefna og leggja sitt af mörkum fyrir Íslands hönd við gerð alþjóðasamninga á málefnasviði stofnunarinnar.

Norrænt samstarf

Skatturinn tekur virkan þátt í Norðurlandasamstarfi bæði skattyfirvalda (Nordic Agenda) og tollyfirvalda (Norræna tollasamvinnuráðið, NTR). Góð tengsl eru á milli stjórnenda sem koma saman árlega og leggja línur fyrir starfið á komandi vetri. Skatt- og tollyfirvöld á Norðurlöndunum leggja mikla áherslu á að styðja hvort annað á hinum breiðari alþjóðlega vettvangi og nýta m.a. sitt norræna samstarf til að stilla saman strengi og móta sameiginlega afstöðu þegar það á við. Samstarf á vettvangi NTR tekur til alls fráfræðslumálum til tæknimála og greiningarstarfs, og hafa nýlegar breytingar á skipulagi þess gefið góða raun. Innan Nordic Agenda-starfsins hófst vinna við heildstæða SVÓT-greiningu með aðkomu allra þátttakenda og verður afurðin nýtt til að skerpa áherslur og stuðla að markvissri nýbreytni í starfinu. Þá var sömuleiðis hafist handa við að endurskipuleggja það samstarf sem snertir skattrannsóknir og skatteftirlit í því skyni að efla það enn frekar, styrka yfirsýn og auka sveigjanleika.

Evrópusamstarf

Við tollframkvæmd nýtur Skatturinn góðs af starfi tengslaskrifstofu fyrir vestanverða Evrópu vegna upplýsingagreininga (RILO WE). Skatturinn er aðili að samstarfi Norðurlandanna um útsenda starfsmenn til skrifstofunnar og stofnunin átti á árinu fulltrúa hjá RILO WE í Köln.

Þá tekur Skatturinn þátt í evrópsku samstarfi skattyfirvalda hjá stofnuninni Intra-European Organization of Tax Administration (IOTA) þar sem fram fer margvísleg jafningjafræðsla og þekkingaruppbygging sem varðar alla þætti í rekstri skattstofnana.

Alþjóðatollastofnunin

Samstarf innan vébanda Alþjóðatollastofnunarinnar (WCO) er mikilvæg stoð í alþjóðlegu samstarfi tollgæslunnar. Í samstarfi á vettvangi WCO er fylgst með stefnum og straumum sem varða tollgæslu- og tollskrármál og jafnframt sinnt hagsmunagæslu með hliðsjón af aðstæðum íslensks efnahagslífs hverju sinni. Þá hefur Skatturinn lagt lóð á vogarskálar varðandi þverlæg áherslumál íslenskra stjórnvalda, s.s. jafnrétti, fjölbreytileika, sjálfbærni og þekkingaruppbyggingu.



OECD

Hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) fer fram stefnumarkandi samstarf um þróun alþjóðlega skattkerfisins og þar fylgjast fulltrúar Skattsins með málum eftir því sem við á. Þar er jafnframt starfræktur sérstakur vettvangur fyrir skattyfirvöld OECD-ríkjanna og annarra þróaðra ríkja, Forum on Tax Administration (FTA), þar sem fjölbreytt verkefni eru unnin. Skatturinn tók á árinu þátt í FTA-vinnu sem m.a. snerti innheimtumál, greiningu á skattgapinu, hagnýtingu gagna sem miðlað er á grundvelli alþjóðasamninga, mannauðsmál og fjölbreytileika á vinnustað. Sérstök áhersla er í starfinu lögð á stórt verkefni sem varðar þróun tæknilausna sem styðja við stafræna umbreytingu og lögðu fulltrúar Skattsins þar sitt af mörkum.

Nordic Smart Government & Business

Síðla 2024 lauk norræna samstarfsverkefninu Nordic Smart Government & Business sem hafði það meginmarkmið að stuðla að því að viðskiptagögn verði aðgengileg fyrirtækjum og stofnunum á sjálfvirkan, snjallan og öruggan hátt í rauntíma, og nýtist til nýsköpunar og vaxtar. Þátttakendur voru m.a. skattyfirvöld og fyrirtækjaskrár á Norðurlöndunum og í þessum lokafasa verkefnisins var einblínt á miðlun upplýsinga á milli fyrirtækjaskráa Norðurlandanna á véllæsilegu sniði, auk tilrauna með stafræn skil til skattyfirvalda á upplýsingum um virðisaukaskattsskyld viðskipti.

Samningagerð

Fulltrúar Skattsins tóku þátt í störfum samninganefndar um gerð tvísköttunarsamninga (SUT) og komu að samningaviðræðum við fjögur ríki á árinu, þ.e. Kúveit, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Katar og Kenýa.

Mannauður



Verkefni Skattsins eru fjölbreytt, umhverfið flókið og síbreytilegt. Fjölbreyttur mannauður er lykilforsenda þess að embættið geti sinnt meginhlutverki sínu sem er að leggja grunn að samfélagslegri þjónustu með því að tryggja tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga. Með virku eftirliti, rannsóknum og tollgæslu stuðlum við að jafnræði og virkri samkeppni og leggjum okkar af mörkum til að vernda samfélagið.

Meginmarkmið mannauðssviðs er að hlúa að mannauði embættisins og stuðla að öflugri liðsheild í hvetjandi, heilsueflandi og öruggu starfsumhverfi. Með því er byggð upp dýrmæt auðlind í þeirri framsæknu þjónustustofnun sem Skatturinn er. Hlutverk mannauðssviðs felst í að veita stjórnendum og starfsfólki faglegan stuðning og upplýsingar við meðferð mannauðsmála, meta árangur í mannauðsstjórnun og miðla nútímalegum viðhorfum í samræmi við mannauðsstefnu embættisins.

Áhersla er lögð á öryggi, jafnrétti og vellíðan alls starfsfólks og að styrkja það með endur- og símenntun, þannig að það geti sinnt sínu hlutverki af fagmennsku og ábyrgð. Í stórrí stofnun eins og Skattinum eru fjölmörg tækifæri til starfsþróunar og vaxtar, og samvinna þvert á svið er lykilatriði við úrlausn flókinna verkefna.



Fjölbreytileiki

Mannauðurinn hjá Skatturinn er á öllum aldri, búsettur vítt og breitt um landið og hefur fjölbreyttan bakgrunn. Á árinu var meðalaldur fólksins okkar 46,6 ár og miðgildi aldurs 45 ár.

Starfsmannavelta 2024 var 4,2% og að frádregnum starfslokum vegna heilsubrests eða lífeyristöku var hún 2,7 %

Starfsfólks Skattsins starfar bæði í dagvinnu og í vaktavinnu, þar sem tollverðir starfa á öllum tímum sólarhringsins.

Fræðsla og starfsþróun

Nýtt starfsfólk fær nýliðafræðslu við upphaf starfs en samhliða henni fær starfsfólk sértæka handleiðslu inn í sín verkefni. Ýmis önnur námskeið og fræðsla stendur einnig

Fjöldi starfsmanna
í lok árs:
476

Meðalaldur starfs-
manna í lok árs:
46,6 ár



Fjöldi starfsmanna
með yfir 20 ára
starfsreynslu:
164



starfsfólki til boða, hvort sem er að frumkvæði stofnunarinnar eða starfsfólksins sjálfs. Í boði er árlegur fræðslustyrkur frá embættinu fyrir nám sem nýtist beint í starfi og er samþykkt af viðkomandi sviðsstjóra.

Öllu starfsfólki er boðið til árlegs starfsmannasamtals með næsta yfirmanni, en þar skapast vettvangur til að ræða um þá hluti sem skipta máli, hvort sem um er að ræða faglegar áskoranir eða persónulegar, frammistöðu og starfsþróun.

Eins og fyrri ár var fræðsluáætlun Skattsins byggð á niðurstöðum starfsmannasamtala. Embættið er í samstarfi við Starfsmennt fræðslusetur um framkvæmd námskeiða fyrir Skattinn. Boðið var upp á fjölbreytt úrval námskeiða sem tengdust almennri færni, persónulegri færni og faglegri færni. Þátttakan var góð og margir starfsmenn sóttu námskeiðin og gáfu námskeiðunum góða umsögn.



Jafnlaunavottun

Að þessu sinni var komið að viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfi Skattsins skv. kröfum staðalsins ÍST 85:2012. Úttektin var gerð af úttektarstofunni BSI á Íslandi en liður í þeirri úttekt er launagreining á launum starfsfólks þar sem notast var við laun sem greidd voru út þann 1. september 2024. Skatturinn stóðst úttektina og fékk staðfestingu þess efnis að jafnlaunakerfið uppfyllti kröfur jafnlaunastaðalsins. Vottunin er í gildi til ársloka 2026 en fram að því verða gerðar viðhaldsúttektir.

Kynbundinn launamunur innan Skattsins reyndist vera 0,3%, konum í hag. Niðurstöðurnar eru því einkar gleðilegar og bera vott um það að kerfið sé að skila þeim árangri sem því er ætlað, en eitt af þeim markmiðum er einmitt að útrýma kynbundnum launamun með stöðugum umbótum.

Viðurkenning Jafnvægisvogarinnar

Fimmta árið í röð var Skatturinn meðal þeirra fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana sem hlutu viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar, sem er hreyfiaflsverkefni sem Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA) stendur fyrir.

Skatturinn var þar á meðal 130 fyrirtækja og opinberra aðila sem hlutu þessa mikilvægu viðurkenningu en hana hljóta þeir þátttakendur sem hafa náð að jafna hlutfall kynja í efsta lagi í a.m.k. 40/60.

Starfshlutfall kvenna er 51,05% á móti 49,95% karla.

Tollskóli ríkisins

Á árinu voru fjölbreytt námskeið og fyrirlestrar fyrir Tollverði. Sextán tollverðir útskrifuðust úr Tollskólanum þar af fimmtán karlmenn og ein kona. Kennt var í fyrsta skipti eftir nýrri reglugerð nr. 1550/2023 um Tollskóla ríkisins og skilyrði fyrir veitingu starfa við tollgæslu. Tveir nemendur sóttu námið að mestu leyti í fjarnámi en einnig komu þeir í staðnám þegar verklegir námsþættir voru kenndir. Annar nemandinn kom frá Akureyri og hinn frá Seyðisfirði.



Rekstur

Hlutverk rekstrar er að hafa umsjón með skjala- og útgáfumálum en einnig innkaup á almennri rekstrarvöru sem og á bifreiðum og umsjón með rekstri þeirra. Ennfremur ber deildin ábyrgð á húsnæðismálum Skattsins og þar af leiðandi umsjón með raunlægum öryggismálum. Að sama skapi eru umhverfismál á verksviði hennar.

Húsnæðismál

Nokkur tími fór í það á árinu að koma sér fyrir í nýjum höfuðstöðvum Skattsins í Katrínartúni 6, en flutt var í húsið haustið 2023. Um vorið 2024 var ákveðið að flytja starfsemi tollgæslunnar úr leiguhúsnæði í Klettagörðum og koma fyrir í Katrínartúni. Flutningarnir tókust vel og lauk þá um sumarið en í það heila fluttu um 30 tollverðir sig um set og þurfti að gera ákveðnar breytingar í nokkrum rýmum í Katrínartúni þannig að það þjóni þörfum tollgæslunnar. Um haustið var haldin rýmingaræfing í Katrínartúni en slíkar æfingar verða framvegis gerðar árlega og var framkvæmd hennar undir handleiðslu fagaðila í eld- og brunavörum. Í húsnæði Skattsins á Akureyri var gengið frá lausum endum í tengslum við þær breytingar sem voru gerðar á árinu áður. Að sama skapi átti sér stað ýmiskonar viðhald á öðrum starfstöðvum stofnunarinnar.

Skjalamál

Áfram var unnið að skilum til Þjóðskjalasafns Íslands á eldri pappírsgögnum Skattsins og fyrirrennara hans og voru afhentir um 64 hillumetrar af skjölum sem tilheyrðu Ríkistollstjóra, Tollstjóranum í Reykjavík og Tollstjóra. Enn er samt vinna eftir við að koma til Þjóðskjalasafns eldri gögnum, þá aðallega skattskýrslum á pappír, þó segja megi að stofnunin sé að langstærstum hluta pappírslaus.

Innkaup

Seldar voru tvær bifreiðar á árinu og þannig fækkað í bílafloata Skattsins en hann samanstendur nú af 30 bifreiðum, langflestar í notkun tollgæslunnar og eru þær staðsettar víða um land. Stofnunin stendur frammi fyrir því á komandi árum að þurfa endurnýja bifreiðar reglulega og er stefna Skattsins að hann notist við rafmagnsbifreiðar þar sem því er hægt að koma við.

Umhverfismál

Á árinu var lokið við uppsetningu á Snjallsorpi í Katrínartúni sem er flokkunarkerfi þar sem vélbúnaður og hugbúnaður vinna saman að nákvæmri skráningu sorps. Með þeim hætti skráist magn og flokkur sorps rafrænt og þar af leiðandi er mjög auðvelt að fylgjast með, sem styður við Græn skref sem og eykur yfirsýn í málaflokknum.

Ársreikningur 2024

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Skatturinn starfar samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, tollalögum nr. 88/2005, lögum nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda, lögum nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá, lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál, sem og öðrum lögum og reglugerðum er varða starfsemi Skattsins í heild eða einstaka þætti hans.

Skatturinn er framsækin þjónustustofnun sem leggur grunn að samfélagslegri þjónustu með því að tryggja tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga. Skatturinn hefur með höndum skatt- og tollframkvæmd, sinnir skatteftirliti, skattrannsóknum og tollgæslu. Skatturinn annast álagningu skatta, tolla og annarra gjalda auk þess að viðhafa eftirlit með réttmæti skattskila. Þá sinnir stofnunin innheimtu opinberra gjalda fyrir ríki og sveitarfélög í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur.

Auk þess að tryggja ríkissjóði tekjur þá gegnir Skatturinn margþættu tollgæsluhlutverki á landamærum og veitir samfélaginu vernd gegn ólögmætum inn- og útflutningi vöru. Ennfremur viðheldur stofnunin fjölda skráa sem skipta sköpum fyrir gagnsæi og samkeppnissjónarmið í viðskiptalífinu, s.s. fyrirtækjaskrá og ársreikningaskrá.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 05 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 9.441,1 milljónir og afkoma kr. -3,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 328,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 3.268,5 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 46.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður og sviðsstjóri fjármálasviðs staðfesta hér með ársreikning Skattsins fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

Snorri Olsen
ríkisskattstjóri

Ásgeir Heimir Guðmundsson
sviðsstjóri fjármálasviðs

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2024

	2024	2023
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga	8.592.600.000	8.173.500.000
Seld þjónusta	672.533.918	692.736.731
Framlög og ýmsar tekjur	33.308.446	31.255.531
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	142.686.193	167.163.949
Tekjur samtals	<u>9.441.128.557</u>	<u>9.064.656.211</u>
Gjöld		
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	6.847.364.533	6.579.530.669
Annar rekstrarkostnaður	2.454.741.161	2.738.864.087
Afskriftir og niðurfærslur	142.686.193	167.163.949
Gjöld samtals	<u>9.444.791.887</u>	<u>9.485.558.705</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði	(3.663.330)	(420.902.494)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	84.075	84.366
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(111.545)	(26.086)
	(27.470)	58.280
	<u>(3.690.800)</u>	<u>(420.844.214)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	31.12.2024	31.12.2023
Eignir		
Handbært fé	239.908.596	612.060.598
Viðskiptakröfur	133.279.241	118.279.110
Tengdir aðilar	2.323.299.948	2.393.658.490
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	3.279.388	54.084
Varanlegir rekstrarfjármunir	524.941.586	596.490.461
Óefnislegar eignir	43.780.180	68.953.919
Eignir samtals	<u>3.268.488.939</u>	<u>3.789.496.662</u>
 Skuldir		
Tengdir aðilar	1.018.801.719	1.078.288.953
Viðskiptaskuldir	128.261.921	144.513.572
Ýmsar skammtímaskuldir	1.212.012.910	1.601.135.080
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	581.291.849	633.747.717
Skuldir samtals	<u>2.940.368.399</u>	<u>3.457.685.322</u>
 Eignir að frádregnum skuldum samtals	328.120.540	331.811.340
 Eigið fé		
Hrein eign	328.120.540	331.811.340
Eigið fé samtals	<u>328.120.540</u>	<u>331.811.340</u>
 Eigið fé og skuldir samtals	<u>3.268.488.939</u>	<u>3.789.496.662</u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	2024	2023
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Afkoma ársins	(3.690.800)	(420.844.214)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	142.686.193	167.163.949
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	(142.686.193)	(167.163.949)
	<u>(3.690.800)</u>	<u>(420.844.214)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur	(18.225.435)	(57.229.588)
Tengdir aðilar	55.138.054	672.654.893
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir	(405.373.821)	145.837.351
	<u>(368.461.202)</u>	<u>761.262.656</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>(372.152.002)</u>	<u>340.418.442</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Kaupverð óefnislegra eigna	0	(1.958.490)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	(46.793.254)	(397.270.868)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	4.360.000	3.465.000
	<u>(42.433.254)</u>	<u>(395.764.358)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Tengdir aðilar	0	184.364.358
Fjárfestingaframlag	42.433.254	211.400.000
	<u>42.433.254</u>	<u>395.764.358</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(372.152.002)	340.418.442
Handbært fé í byrjun árs	612.060.598	271.642.156
Handbært fé í árslok	<u>239.908.596</u>	<u>612.060.598</u>

